

Eignarhaldsfélagið Smáralind ehf.
Ársreikningur samstæðunnar
2009

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjárfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Eignarhaldsfélagsins Smáralind ehf. og dótturfélaga þess, Smáralind ehf. og Barnasmárinn ehf.

Starfsemi samstæðunnar er fólgin í eignarhaldi og rekstri á verslunarmiðstöðinni Smáralind í Kópavogi.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap af rekstri félagsins 455 millj. kr. Leigutekjur félagsins námu 1.180 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir 13.039 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 1.690 millj. kr. í árslok.

Stjórnendur félagsins hafa lokið viðræðum við lánveitendur um endurfjármögnun lána og var niðurstaða félaginum hagfelld en afborganir lána eru lækkaðar tímabundið. Í lok árs 2009 uppfyllti félagið öll fjárhagsleg skilyrði lánasamninga. Endurfjármagna þarf erlendan hluta lánasafnsins að fjárhæð 5.357 millj. kr. í september 2011.

Í skýringu 11 er umfjöllun um mat á fjárfestingaeign félagsins en ákvörðun um gangverð fjárfestingaeignar byggir á forsendum sem háðar eru mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt gangverð kann að vera frábrugðið þessu mati. Við núverandi aðstæður í íslensku efnahagslífi og þá óvissu sem ríkir um rekstur félaga er meiri óvissa en ella um raunverulegt verðmæti eigna. Mat fjárfestingareigna miðað við þær forsendur sem notaðar eru, og fjallað er um í skýringum, gaf sambærilega niðurstöðu og árið á undan og því var engin matsbreyting færð vegna ársins 2009.

Hlutfé félagsins nam í árslok 1.423 millj. kr. og er það allt í eigu Fasteignafélags Íslands hf. líkt og í ársbyrjun.

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2010 verði ekki greiddur út arður til hluthafa vegna taps á rekstrarárinu 2009, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf í samstæðureikningum félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2009, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Smáralind ehf. hafa í dag rætt um samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2009 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykka ársreikninginn.

Kópavogur, 16. apríl 2010.

Stjórn:

Helgi S. Gunnarsson

Anna Sif Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Helgi M. Magnússon

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Eignarhaldsfélagsins Smáralind ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Eignarhaldsfélagsins Smáralind ehf. og dótturfélaga ("samstæðan") fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum síðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2009, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 11 með ársreikningnum þar sem greint er frá þeirri óvissu sem hefur skapast í íslensku efnahagslífi og mögulegum áhrifum hennar á endanlega niðurstöðu um gangvirði fjárfestingareignar félagsins.

Reykjavík, 16. apríl 2010.

KPMG hf.

Árni Claessen

Yfirlit um heildarafkomu árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Leigutekjur		1.180.405	1.261.005
Innheimtar rekstrartekjur		327.300	325.836
Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna	6	(488.407)	(569.954)
Hreinar tekjur		<u>1.019.298</u>	<u>1.016.887</u>
Aðrar tekjur	7	30.784	35.969
Stjórnunar- og markaðskostnaður		(267.472)	(352.665)
Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingar og afskriftir		782.610	700.191
Matsbreyting fjárfestingareigna		0	(2.020.210)
Afskriftir	12	(42.523)	(41.339)
Rekstrarhagnaður (-tap)		740.087	(1.361.358)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Fjármunatekjur		107.021	51.527
Fjármagnsgjöld		(1.352.265)	(3.838.879)
Hrein fjármagnsgjöld	9	(1.245.244)	(3.787.352)
Tap fyrir tekjuskatt		(505.157)	(5.148.710)
Tekjuskattur	10,20	50.181	843.147
Tap/heildartap ársins		<u>(454.976)</u>	<u>(4.305.563)</u>
Engar tekjur og gjöld eru færðar beint á eigið fé.			
Tap á hlut:			
Grunntap og þynnt tap á hlut	17	(0,32)	(3,03)

Skýringar á bls. 9 - 25 er óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr.	2009	2008
Eignir			
Fjárfestingareignir	11	12.465.372	12.465.372
Rekstrarfjármunir	12	99.685	139.317
Áhættufjármunir og langtímakröfur	13	92.656	35.309
Fastafjármunir		<u>12.657.713</u>	<u>12.639.999</u>
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	14	266.386	321.505
Kröfur á tengd félög	18	121	165.068
Handbært fé	15	115.078	73.809
Veltufjármunir		<u>381.585</u>	<u>560.382</u>
Eignir samtals		<u>13.039.298</u>	<u>13.200.380</u>
Eigið fé			
Hlutafé		1.423.000	1.423.000
Lögbundinn varasjóður		185.345	185.345
Óráðstafað eigið fé		81.779	536.755
Eigið fé	16	<u>1.690.124</u>	<u>2.145.100</u>
Skuldir			
Víkjandi lán	18	2.747.601	2.539.695
Önnur vaxtaberandi lán	19	7.971.105	2.499.942
Tekjuskattsskuldbinding	20	137.206	187.385
Langtímaskuldir		<u>10.855.912</u>	<u>5.227.023</u>
Vaxtaberandi lán	19	229.685	5.357.840
Viðskiptaskuldir		167.393	89.522
Aðrar skammtímaskuldir	21	96.185	380.896
Skammtímaskuldir		<u>493.262</u>	<u>5.828.257</u>
Skuldir samtals		11.349.174	11.055.280
Eigið fé og skuldir samtals		<u>13.039.298</u>	<u>13.200.380</u>

Skýringar á bls. 9 - 25 er óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjáryfirlit árið 2009

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Árið 2008				
Eigið fé 1.1.2008	1.423.000	185.345	4.842.318	6.450.663
Tap/heildartap ársins			(4.305.563)	(4.305.563)
Eigið fé 31.12.2008	<u>1.423.000</u>	<u>185.345</u>	<u>536.755</u>	<u>2.145.100</u>
Árið 2009				
Eigið fé 1.1.2009	1.423.000	185.345	536.755	2.145.100
Tap/heildartap ársins			(454.976)	(454.976)
Eigið fé 31.12.2009	<u>1.423.000</u>	<u>185.345</u>	<u>81.779</u>	<u>1.690.124</u>

Skýringar á bls. 9 - 25 er óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
Tap/heildartap ársins		(454.976)	(4.305.563)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Matsbreyting fjárfestingareignar	11	0	2.020.210
Afskriftir	12	42.523	41.339
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		1.245.244	3.787.352
Breyting tekjuskattsskuldbindingar		(50.181)	(843.147)
		<u>782.610</u>	<u>700.191</u>
Breyting á rekstartengdum eignum		(144.204)	(29.734)
Breyting á rekstartengdum skuldum		<u>83.626</u>	<u>(34.038)</u>
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta		722.032	636.419
Innheimtar vaxtatekjur		28.903	51.527
Greidd vaxtagjöld, gengismunur og áhættuvarnir		(523.013)	(468.117)
Handbært fé frá rekstri		<u>227.922</u>	<u>219.829</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	12	(2.890)	(7.730)
Langtímakröfur, breyting		6.881	575
Kröfur á tengd félög, breyting		0	104.100
Fjárfestingarhreyfingar		<u>3.991</u>	<u>96.945</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir og uppgreiðslur langtímalána		(190.644)	(321.201)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(190.644)</u>	<u>(321.201)</u>
Hækkun/(lækkun) á handbæru fé		41.269	(4.427)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>73.809</u>	<u>78.236</u>
Handbært fé í árslok	15	<u>115.078</u>	<u>73.809</u>

Skýringar á bls. 9 - 25 er óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Eignarhaldsfélagið Smáralind ehf., "félagið", er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru að Hagasmára 1 í Kópavogi. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2009 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess (sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga").

Félagið er dótturfélag Fasteignafélags Íslands hf. og er ársreikningurinn hluti af samstæðuársreikningi móðurfélagsins.

Starfsemi Eignarhaldsfélagsins Smáralind ehf. er fólgin í eignarhaldi á verslunarmiðstöðinni Smáralind í Kópavogi.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins www.smaralind.is.

2. Grundvöllur reikningskilanna

a. Yfirlýsing um samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn með undirritun sinni þann 16. apríl 2010.

b. Matsaðferðir

Samstæðuársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eftirfarandi eignir og skuldir eru metnar á gangvirði: fjárfestingareignir, veltufjáreignir, veltufjárskuldir og afleiðusamningar. Fjallað er um mat á gangvirði í skýringu 4.

c. Framsetningar og starfsrækslugjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d. Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mat stjórnenda og ályktanir við beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaða sem veruleg áhrif hafa á ársreikninginn er að finna í skýringu 24.

e. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Frá og með 1. janúar 2009 hefur félagið breytt reikningsskilaaðferðum sínum á eftirfarandi hátt:

(i) Framsetning reikningsskilanna

Í ársbyrjun 2009 tók gildi endurbættur staðall IAS 1 um framsetningu reikningsskila. Áhrif hans á ársreikninginn eru þau að tekjur og gjöld sem áður voru færð annaðhvort í rekstrarreikning eða á eigið fé eru nú færð í einu yfirliti sem nefnist yfirlit um heildarafkomu. Framsetning samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við hina nýju framsetningu í samræmi við kröfur staðalsins. Breytingin hefur aðeins áhrif á framsetningu og breytir ekki kennitölunni tap á hlut.

(ii) Ákvörðun og framsetning starfsþáttar

Frá og með 1. janúar 2009 ákvarðar félagið og birtir upplýsingar um starfsþætti byggt á innri skýrslugjöf til lykilstjórnenda. Þessi breyting á reikningsskilaaðferð er vegna upptöku á nýjum staðli, IFRS 8 *Starfsþættir*. Áður voru starfsþættir ákvarðaðir í samræmi við staðalinn IAS 14, *Starfsþáttayfirlit*.

2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh.:

e. Breytingar á reikningsskilaaðferðum, frh.

(ii) Ákvörðun og framsetning starfspátta, frh.:

Starfspáttur er þáttur innan félagsins sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og kallað á kostnað, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfspætti innan félagsins. Við rekstrarlegar ákvarðanir byggja stjórnendur félagsins, eftir því sem við á, á tiltækum fjárhagslegum upplýsingum um starfspætti og leggja mat á afkomu einstakra starfspátta.

Upptaka staðalsins hafði ekki áhrif á ákvörðun starfspátta hjá félaginu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum af öllum félögum í samstæðunni.

Tilteknar samanburðarfjárhæðir hafa verið endurflokkaðar til samræmi við framsetningu í ársreikningi 2008.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið til að laga þær að aðferðum samstæðunnar.

(ii) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli samstæðufélaga, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar þessara félaga.

b. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

c. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru fasteignir (land eða húseign) sem eru í eigu félagsins til að afla leigutekna eða til verðmætaaukningar eða hvoru tveggja. Fjárfestingareignir eru færðar á gangverði samanber skýringu 4.

Breytingar á gangverði fjárfestingareigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingareigna í rekstrarreikningi. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

Ef fjárfestingareign er nýtt af eiganda er hún flokkuð sem rekstrarfjármunir og gangvirði hennar á endurflokkunardegi verður kostnaðarverð hennar í reikningsskilum. Þegar félagið byrjar að endurhanna fyrirliggjandi fjárfestingareign til áframhaldandi notkunar sem fjárfestingareign stendur eignin áfram sem fjárfestingareign og er metin á gangvirði en er ekki endurskilgreind sem rekstrarfjármunur meðan á endurhönnuninni stendur.

d. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Fjármálagerningar, frh.:

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar, frh.:

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Í skýringu 3i er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að fráreglinni virðisrýrnun þegar við á.

(ii) Afleiðusamningar

Við upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Viðskiptakostnaður þeim tengdur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

Hagrænar varnir

Áhættuvarnarreikningsskilum er ekki beitt vegna afleiðusamninga sem ætlað er að verja peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum. Gangvirðisbreytingar slíkra afleiðusamninga eru færðar meðal hreinna tekna og gjalda af fjáreignum og fjárskuldum í rekstrarreikningi.

(iii) Hlutfé

Almennt hlutfé

Kostnaður við útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé.

e. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að fráregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjábúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

e. Rekstrarfjármunir, frh.:

(i) Færsla og mat, frh.:

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími og hrakvirði greinist þannig:

	Nýtingartími	Hrakvirði
Innréttingar, áhöld, tæki og bifreiðar	5-7 ár	10%

Niðurlagsverð er endurmetið árlega nema þegar um óverulega fjárhæð er að ræða.

f. Virðisrýrnun

Bókfært verð annarra eigna félagsins en peningalegra eigna er yfirfarið á hverjum uppgjörstigi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem bókfært verð eignarinnar sé ekki umfram bókfært verð sem ákveðið hefði verið, að frádregnum afskriftum, ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

g. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar fyrirtækinu ber lagaleg eða ætluð skylda vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á henni við að gera upp skuldbindinguna. Ef áhrifin eru veruleg eru skuldbindingarnar ákveðnar með því að afvaxta áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum fyrir skatta sem sýna núverandi markaðsmat tímavirðis peninga og, ef við á, áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

h. Tekjur

(i) Leigutekjur

Leigutekjur af fasteignum eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutíma viðkomandi eignar.

(ii) Innheimtar rekstrartekjur

Móðurfélagið innheimtir mánaðargjöld af leigutökum og rekstraraðilum í verslunarmiðstöðinni. Rekstrartekjurnar taka mið af sameiginlegum rekstrarkostnaði vegna verslunarmiðstöðvarinnar.

i. Útgjöld

(i) Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna er meðal annars fasteignagjöld, váttryggingar og viðhald.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

i. Útgjöld, frh.:

(ii) Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum af lánum, vaxtatekjum af fjárfestingum, gengismun af erlendum gjaldmiðlum og hagnaði eða tapi af áhættuvarnargerningum sem eru færð í rekstrarreikning.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti af eigninni.

j. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Tekjuskattseignin er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

k. Tap á hlut

Í ársreikningnum er sýnt grunntap á hlut og þynnt tap á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunntap á hlut er reiknaður sem hlutfall taps og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þynnt tap á hlut er reiknað með því að leiðrétta meðalfjölda virka hluta vegna mögulegrar þynningar vegna hluta sem gæti þurft að gefa út vegna breytanlegs vijkandi láns.

l. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit er ekki birt þar sem stjórnendur félagsins líta á starfsemina sem einn starfspátt í einu efnahagslegu umhverfi.

m. Nýir reikningsskilastaðlar

Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest í árslok 2009 og eiga við um starfsemi hennar. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2009, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil samstæðunnar hafa ekki verið metin að fullu en talið að þau séu óveruleg.

4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir samstæðunnar og skýringar krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

4. Ákvörðun gangvirðis, frh.:

a. Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru færðar á gangverði í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal nr. 40 (IAS). Við mat á fjárfestingareignum er stuðst við núvirt framtíðar sjóðsflæði einstakra eigna ásamt því að stuðst er við gangverð sambærilegra eigna á sama stað og í sama ásigkomulagi á virkum markaði milli ótengdra aðila. Mat á fjárfestingareignum er framkvæmt af starfsmönnum félagsins. Áætlað tekjuflæði þeirra tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi við áætlun tekna eftir lok leigutíma er miðað við markaðsleigu sambærilegra eigna. Áætluð rekstrargjöld og viðhald þeirra er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við markaðsverti.

b. Fjárfestingar í skuldabréfum

Gangvirði skuldabréfa er metið út frá áætluðu markaðsverði þeirra á uppgjörssdegi.

c. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörssdags.

d. Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarfleðis höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörssdegi.

e. Afleiður

Gangvirði framvirkra gjaldmiðlasamninga og vaxtaskiptasamninga er metið eftir verðtilboði miðlara.

5. Stýring fjárhagslegrar áhættu

Yfirlit

Hér eru veittar upplýsingar um áhættur, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og stýra áhættunni. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Stjórn Eignarhaldsfélagsins Smáralind ehf. ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið framkvæmdastjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu.

